

Leiðbeiningar með "Samkomulag um vinnustundir - viðauki"

Fylla skal út gráa reiti. Aðrir hlutar eyðublaðsins eru læstir. Í eyðublaðinu eru formúlur, sem framkvæma útreikninga á grundvelli þess er skráð hefur verið í gráu reitina. Gul skyggð atriði í leiðbeiningunum eru sérstakar ábendingar varðandi útfyllingu o.fl.

Allur klukkustundafjöldi, daga- og mánaðafjöldi í eyðublaðinu er birtur og reiknaður í tugabroti. Dæmi: 7 klukkustundir og 45 mínútur (7:45) verður 7,75 klukkustundir. **Skrá verður allar klukkustundir á tugabrotsformi** í þá reiti þar sem skráningu klukkustunda er krafist. Skrá má 2 aukastafi.

1. Haus eyðublaðsins

Ávallt verður að fylla út **alla gráa reiti í haus** eyðublaðsins:

- 1.1. Heiti sveitarfélags og kennitala.
- 1.2. Nafn NPA notanda og kennitala.
- 1.3. Dags þegar *SAMKOMULAG um úthlutun vinnustunda . . .*, var undirritað.
- 1.4. Í *Tímabil samkomulags*: skal rita upphafsdag og lokadag tímabils. **Skrá verður dagsetningar á forminu dd.mm.áááá**. Dæmi 1.1.2019 til 31.12.2019. Þegar tímabil hefur verið skráð birtast upplýsingar sjálfvirk í reitnum *Fjöldi daga á tímabilinu*.
- 1.5. Reiturinn *Úthlutaðar vinnustundir (klst.) að meðaltali á mánuði skv. NPA samkomulaginu*: **Útreikningar í eyðublaðinu virka ekki nema þessi reitur sé útfylltur og reitir í lið 1.4 hér ofar**. Ef verið er að vinna við útfyllingu eyðublaðsins þegar endanlegar upplýsingar um úthlutaðar vinnustundir eru ekki til staðar, þá væri mögulegt að skrá hér fjölda tíma til bráðabirgða.

2. Línur: Þjónustupáttur (aðgerð/úrræði)

Ef lína er fyllt út þá verður að fylla út **alla gráa reiti línunnar**.

- 2.1. Fyrir hverja línu, sem ætlað er að fylla út, verður að velja *Staða*; dálkurinn lengst til vinstri. Valið er úr fellilista (Velja) annaðhvort *Hluti af NPA* eða *Utan NPA*. **Athugið að ef þetta val er ekki gert þá reiknast lína ekki að fullu út og kemur ekki með í samtölur** á síðu 2 í eyðublaðinu.
- 2.2. Næsti dálkur í línu er *Þjónustupáttur (aðgerð/úrræði)*. Það eru þrennskonar gerðir af reitum í línunum fyrir þennan dálk:
 - a) Fastur texti. Dæmi í efstu línu: Félagsleg heimþjónusta.
 - b) Auður reitur, sem í má rita texta. Dæmi, önnur lína.
 - c) Val framkvæmt úr fellilista. Dæmi, þriðja lína.
- 2.3. Þriðji dálkur frá vinstri *Fjöldi klst. á viku*. Hér skal skrá á tugabrotsformi fjölda klukkustunda á viku fyrir viðkomandi *Þjónustupátt (aðgerð/úrræði)*.

3. Línur – sjálfvirkir útreikningar

- 3.1. Í bláa dálknum *Klst. samtals á mánuði viðkomandi almanaksár* birtist meðalfjöldi klukkustunda á mánuði reiknaður út frá þeim fjölda klukkustunda, sem skráður var í reitinn *Fjöldi klst. á viku* í línunni.

4. Línur – sjálfvirkir útreikningar ef í *Staða* hefur verið valið *Hluti af NPA*

Upplýsingar í eftirfarandi dálkum eru ekki útreiknaðar og birtar nema ef valið hefur verið í *Staða* fyrir línuna *Hluti af NPA* í fellilista:

- 4.1. Dálkurinn *Fjöldi mánaða í tímabili NPA samkomulags*. Þessi fjöldi er reiknaður út frá upplýsingum í haus eyðublaðsins: Reiturinn *Fjöldi daga á tímabilinu*: deilt með reitnum *Meðalfjöldi daga í mánuði m.v. viðkomandi almanaksár*.
- 4.2. Guli dálkurinn: *Heildarfjöldi klst. þjónustupáttar á tímabili NPA samkomulags*. Þessi fjöldi fyrir hverja línu er reiknaður með því að margfalda *Klst. samtals á mánuði viðkomandi almanaksár* (blái dálkurinn) sinnum *Fjöldi mánaða í tímabili NPA samkomulags*.
- 4.3. Græni dálkurinn: *Ef **Hluti af NPA** þá % hlutfall af HFVTS*. Hér er útreiknað og birt hversu hátt % hlutfall þjónustupáttar línunnar er af *Heildarfjöldi vinnustunda (klst.) á tímabili NPA samkomulags (HFVTS)*, sbr. viðkomandi reitur í haus eyðublaðsins.

Efst og neðst í græna dálknum eru reitir *Samtals % hlutfall*. Sú samtala er reiknuð til hægðarauka svo sjáist hvenær búið er að deila öllum klukkustundafjölda, skrá í viðkomandi línu þjónustupátta, sem eru *Hluti af NPA*. Þessi samtala á að vera 100% þegar skráningu er lokið, hvorki hærri né lægri. Um leið og nefnd samtala verður 100%, þá stemmir einnig samtalan í gula dálknum á síðu 2 við *Heildarfjöldi vinnustunda (klst.) á tímabili NPA samkomulags (HFVTS)*: í haus eyðublaðsins.

5. Sjá ennfremur leiðbeiningar/upplýsingar á síðu 2 í eyðublaðinu varðandi fellilistana.